

77. þing IFLA í San Juan, Puerto Rico

Dagana 13. til 18. ágúst 2011 var 77. árleg ráðstefna IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) haldin í San Juan í Puerto Rico. Þetta var í 12. sinn sem undirrituð sækir IFLA ráðstefnu en hún hefur nú verið stytta frá því sem áður tíðkaðist þannig að nú er fyrsti dagurinn tekinn í fundi fastanefnda (e. standing committees). Áður voru það tveir heilir dagar. Seinni fundur hverrar fastanefndar er í ráðstefnuvikunni sjálfri þannig að snúið getur verið að finna fundartíma sem hentar öllum nefndarmönnum. Í fastanefndunum er faglegt starf IFLA skipulagt og dagskrá næstu ráðstefna ákveðin í samræmi við einkunnarorð ráðstefnunnar hverju sinni. Dagana á undan og eftir ráðstefnuna er fundur stjórnar (e. governing board) IFLA. Á undan og eftir ráðstefnunni voru að venju haldnar ýmsar fagráðstefnur á vegum einstakra deilda (e. satellite meetings) flestar í nágrenni við ráðstefnustaðinn. Alls voru þær 19 um ýmis áhugaverð efni.

Hinar árlegu IFLA ráðstefnur eru jafnan hápunkturinn í viðburðum bókasafnsheimsins ár hvert og afar fjölsóttar. Ráðstefnugestir voru alls um 2.500 frá 116 löndum.

Þetta er í níunda skipti sem IFLA ráðstefnan er haldin undir nafninu *World Library and Information Congress – WLIC* sem útleggja má sem *Heimsráðstefna um bókasafna- og upplýsingamál*. Undirtitillinn er *77th IFLA General Conference and Council*. Yfirskriftin var að þessu sinni var *Libraries beyond libraries: Integration, Innovation and Information for all*. Aðalskipuleggjendur voru the Library Society of Puerto Rico og the Association of Caribbean University, Research and Institutional Libraries.

Puerto Rico er nokkurs konar sjálfstjórnarsvæði innan Bandaríkjanna. Til marks um það taldist t.d. flugið frá Boston til San Juan sem innanlandsflug innan Bandaríkjanna. Eyjan er 8.897 ferkílómetrar að stærð og þar búa um fjórar milljónir manna. Fólkið sem við hittum var einstaklega vingjarnlegt og vinsamlegt. Oftar en einu sinni vorum við boðnar velkomnar til eyjarinnar af bláókunnugu fólki sem við mættum úti á götu. Fremur heitt var í veðri ráðstefnudagana en þó við gistum hóteli í dásamlegu umhverfi við ströndina gafst ekki tími til að fara í sjóinn meðan á ráðstefnunni stóð.

Í IFLA eru nú nærri 1700 meðlimir í yfir 150 löndum. Aðalstöðvarnar eru í Haag og hýsir þjóðbókasafn Hollands samtökin. Frá Íslandi voru að þessu sinni um fjórir þátttakendur. Undirrituð tók ásamt ferðafélaga, Þóru Sigurbjörnsdóttur Borgarbókasafni, nokkurt forskot á sæluna til að geta sótt fagráðstefnur (e. satellite meetings) á undan ráðstefnunni sjálfri.

Í lok ráðstefnunnar tók nýr IFLA forseti við, Ingrid Parent frá Kanada, og jafnframt nýr varaforseti, [Sinikka Sipilä](#) framkvæmdastjóri finnska bókasafnsfélagsins og formaður undirbúningsnefndar fyrir ráðstefnuna í Helsinki. Hún tekur svo við forsetaembættinu 2013. Sinikka er mörgum Íslendingum að góðu kunn. Undirrituð hitti hana fyrst árið 1999 í Osló á fundi formanna og framkvæmdastjóra norrænu bókasafnsfélaganna sem hún sótti sem formaður Bókasafnsfélags Íslands ásamt gjaldkera félagsins, Lilju Ólafsdóttur.

Opnunarhátíð ráðstefnunnar var sunnudaginn 14. ágúst. Þá er jafnan mikil hátíðarsýning og merkar ræður haldnar. Síðdegis var vöru- og þjónustusýningin opnuð með pompi og prakt. Þar gat að líta helstu nýjungar í bókasafnaheiminum og margir notfærðu sér að hitta fulltrúa hinna ýmsu fyrirtækja. Af tilefninu var móttaka sem sýnendur buðu upp á.

Hin eiginlega fagráðstefna stóð svo yfir frá sunnudeginum til fimmtudagsins 18. ágúst, eða alls í fimm daga. Þá fara allt að sex fyrirlestrar fram samtímis og oft erfitt að ná því að njóta alls þess sem hugurinn girnist. Einn af kostunum við að sækja svona umfangsmikla ráðstefnu er að hafa tækifæri til að kynna öllum sviðum bókasafns- og upplýsingafræði og víkka þannig sjónvildarhringinn. Fjölbreytni fyrirlestra er mjög mikil og komið inn á nánast öll svið bókasafns- og upplýsingafræða. Auk þess voru 165 aðilar með kynningar á veggspjöldum og að venju kenndi þar margra grasa. Á morgnana voru jafnan áhugaverðir fyrir-

lestrar ætlaðir öllum (e. plenary sessions). Þekkt nöfn úr mennta- og menningarmálum eyjarinnar fengu þá orðið.

Dagskráin á ráðstefnunni er að jafnaði mjög þétt. Byrjað er kl. 8-8:30 að morgni og haldið áfram nær viðstöðulaust til kl. 18 á kvöldin þannig að erfitt er um vik að fara í skoðunarferðir meðan á ráðstefnunni stendur en bæði var boðið upp á skoðunarferðir á meðan á ráðstefnunni stóð og eins upp á lengri ferðir á undan og á eftir. Fastur liður er menningarkvöld þar sem heimamenn gefa ráðstefnugestum sýnishorn af því besta í sinni menningu.

Meðan á fagráðstefnunni stóð var ótæpilega notið af allsnægtaborði fyrirlestranna, svo sem um upplýsingalæsi, höfundaréttarmál, bókfræðilega stjórn, efnisgreiningu, þekkingarstjórnun og skólasöfn svo eitthvað sé nefnt. Auk þess var boðið upp á bókasafnsheimsóknir.

Starf fastanefnda: IFLA Classification and Indexing Section

Eins og drepið var á hér að framan voru bæði á undan og eftir ráðstefnunni sjálfri haldnir fundir í ýmsum stjórnunareiningum IFLA svo og í faglegum fastanefndum deilda (e. section). Notað er tækifærið og fundað um fagmál og ýmis innri málefni til þess að fastanefndir þurfi ekki að hittast á milli þinga og er meðal annars fjallað um dagskráratriðin sem einstakar deildir standa fyrir, vinnuhópar hittast, unnið er að útgáfumálum og hugað að skipulagi og dagskrá fyrir næstu ráðstefnur. Auk þess skipuleggja deildirnar og standa fyrir fagráðstefnunum (e. satellite meetings) fyrir og eftir aðalráðstefnuna.

Á árunum 2000-2007 sótti undirrituð IFLA ráðstefnur sem fulltrúi Upplýsingar en var nú á eigin vegum en sem fulltrúi í fastanefnd. Þá er hægt að hafa frjálsara val um að sækja fyrirlestra og sinna starfi fastanefndarinnar en undirrituð hefur verið í *IFLA Classification and Indexing Section* frá árinu 2003, það er kjörtímabilið 2003-2007 og 2007-2011 sem lauk á ráðstefnunni og hlaut undirrituð viðurkenningarskjal frá IFLA (Certificate of Appreciation) fyrir störf sín í nefndinni en samkvæmt reglum IFLA geta fulltúrar aðeins setið í nefnd tvö kjörtímabil í röð. Ætlast er til að fastafulltrúar sækji fundi sinna deilda og þá viðburði sem deildirnar standa fyrir. Þess má geta að undirrituð var í valnefnd vegna fyrirlestra fyrir dagskrá deildarinnar á ráðstefnunni. Öflugt starf hefur farið fram í fastanefndinni, starfað í vinnuhópum og fréttabréf gefið út tvisvar á ári. Nánar má fræðast um starf deildarinnar á vefsetri IFLA, þar sem er að finna hlutverk hennar (Scope), markmiðslýsingu (Strategic Plan), fréttabréfin frá og með árinu 2000, ársskýrslur frá árinu 1999, fundargerðir frá árinu 2000 og upplýsingar um vinnuhópa og póstlista deildarinnar, sjá www.ifla.org/en/classification-and-indexing. Sem dæmi um verkefni vinnuhópa má nefna *Guidelines for Multilingual Thesauri* (lokið okt. 2008), *Functional Requirements for Subject Authority Data (FRSAD)* og *Guidelines for Subject Access in National Bibliographies* sem Saur gaf út nú á árinu 2012 en undirrituð átti sæti í þeim vinnuhóp.

Meginmarkmið deildarinnar er að einbeita sér að aðferðum sem veita bætt aðgengi að efni bókfræðilegra skráa, bókaskráa og efnisskrám hvers konar heimilda að meðtöldum rafrænum gögnum. Mikil áhersla er lögð á samvirkni og bættan efnisaðgang í síbreytilegum netkerfum og vefumhverfi. Formaður deildarinnar nú er Jo-Anne Bélair Laval háskólanum í Québec í Kanada. Fastanefndin telur nú með formanni 18 meðlimi frá 12 löndum.

Jafnan koma nokkrir áheyrnarfulltrúar á fastanefndarfundi deildarinnar. Ritstjóri Deweykerfisins, Joan S. Mitchell, og UDC-kerfisins sækja ávallt fundi deildarinnar og er um náið samstarf að ræða þó meiri áhersla hafi nú um sinn verið lögð á lyklunarþáttinn.

Í fréttabréfinu eru meðal annars frásagnir af stöðu flokkunar og lyklunar víðs vegar um heiminn og hefur undirrituð birt þar frásagnir af stöðu mála hér á landi.

Af fréttum frá einstökum löndum má sjá að víða er verið að bæta aðgengi að efni bókasafna með aukinni efnisgreiningu og auðgun skráa safna, til dæmis með aðgengi að efnisyfirliti bóka og tímarita.

Fagráðstefnur (satellite meetings)

Undirrituð sótti tvær fagráðstefnur sem haldnar voru í San Juan á undan ráðstefnunni:

- *Ráðstefnu/málstofu um upplýsingalæsi* (Media and Information Literacy Indicators and Government Action Recommendations, haldin 11. ágúst í samvinnu IFLA Information Literacy Section og UNESCO Information for All Programme (IFAP). Fluttir voru nokkrir fyrirlestrar um upplýsingalæsi og síðan unnið í hópum. Sagt var meðal annars frá því að UNESCO hyggst leggja fyrir könnun á stöðu fjölmiðla- og upplýsingalæsis sem UNESCO hefur sett undir einn hatt í sinni starfsemi.
- *Ráðstefnu um skráningarmál* (Cataloguing Section Satellite Conference) 12. ágúst. Við Þóra Sigurbjörnsdóttir, formaður skráningarráðs Gegnis, sóttum báðar ráðstefnuna sem fjallaði nær eingöngu um RDA-skráningu (Resource Description and Access) sem taka á við af AACR2 reglunum. Áherslan var á innleiðingu RDA og framtíðarskipulag. Meðal annars var sagt frá þýðingum á frönsku, þýsku og spænsku. Sjá nánar á vef um RDA www.rdatoolkit.org.

23. útgáfa óstytta Dewey-kerfisins og 15. stytta útgáfan

Dewey er svo sannarlega ekki dauður úr öllum æðum. Nýjar þýðingar á Dewey-kerfinu hafa víða verið á döfni. Auk þess hafa verið gerðar tilraunir með rafrænar útgáfur þar sem saman fara stytt útgáfa á viðkomandi þjóðtungu og óstytta útgáfan á ensku. Nokkur tíðindi þóttu þegar Þýska þjóðbókasafnið ákvað að taka upp Dewey-kerfið og gefa efni flokkstölur samkvæmt því en Þýskaland hefur löngum verið þekkt fyrir að hafa eigin flokkunarkerfi.

Á ráðstefnunni var kynnt ný útgáfa af Dewey-kerfinu, sú 23. af heildarútgáfunni. Á undan ráðstefnunni sjálfri (þann 12. ágúst) var dagsvinnustofa um nýju útgáfuna (DDC 23 Workshop) sem bæði er gefin út sem vefútgáfa og á prentuðu formi í fjórum bindum. Breytingar hafa víða verið gerðar á kerfinu, bæði á hjálpartöflunum (e. tables), t.d. á formgreininum (e. standard subdivisions) og á aðaltöflunum sjálfum (schedules), t.d. á tölvufræði (004-008), þroskasálfræði (155), rökfræði (160), stærðfræðilegri rökfræði (511.3), trúarbrögðum (200), félagsvísindum (300), læknisfræði (610), listum (700) og sagnfræði (900).

Á IFLA ráðstefnum er jafnan sérstakur fundur fyrir notendur Dewey-kerfisins (International Dewey Users Meeting). Þar er sagt frá þróun kerfisins og nýjum þýðingum þess. Hvað útbreiðslu snertir ber Dewey-kerfið höfuð og herðar yfir önnur flokkunarkerfi. Sífellt er verið að gefa út þýðingar á nýjum útgáfum. Kerfið hefur verið þýtt á yfir 30 tungumál og er nú notað í 138 löndum. Á árinu var jafnframt gefin út vefútgáfa (WebDewey 2.0) kerfisins og 15. stytta útgáfan í einu bindi í byrjun árs 2012 og eru útgáfurnar tvær algerlega samhæfðar. Íslenska útgáfan frá 2002 er gerð eftir 13. útgáfunni frá 1997 og því má segja að tímabært sé að huga að nýrri útgáfu, hvort sem hún verður á rafrænu eða prentuðu formi. Um nánari upplýsingar um kerfið vísast á vef þess, www.oclc.org/dewey.

Árið 2007 var í samvinnu við OCLC stofnað notendafélag Dewey-kerfisins í Evrópu, *European DDC Users Group* (EDUG) og var fyrsti fundur félagsins haldinn í Bern. Ársfundur félagsins er haldinn í apríl og er málþing um flokkun jafnan haldið í tengslum við hann. Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins www.slainte.org.uk/edug.

UDC-kerfið

UDC-kerfið (Universal Decimal Classification) sem er útvíkkun á Dewey-kerfinu lifir einnig góðu lífi. Ný frönsk útgáfa var t.d. gefin út á árinu 2011. Fundur með kynningu á þróun og nýjungum kerfisins (UDC Update Meeting) er fastur liður á IFLA ráðstefnum. UDC samtökin (UDC Consortium), með aðalstöðvar í konunglega bókasafninu í Haag, sjá um vöxt og viðgang kerfisins og er það gefið út á um 20 tungumálum. Nýjasta enska útgáfan er frá 2005. Árið 2007 var gefin út ný og endurskoðuð útgáfa af handbók fyrir kerfið: *The Universal Decimal Classification. A guide to its use* eftir I.C. McIlwaine sem hefur verið ötull talsmaður

Þess. Mestri útbreiðslu hefur kerfið náð í austanverðri Evrópu og hefur það ekki náð mikilli fótfestu hér á landi. Nánari upplýsingar um UDC-kerfið er að finna á vef þess www.udcc.org.

IFLA Express

Upplýsingaritið *IFLA Express* með ýmsum upplýsingum fyrir ráðstefnugesti var að vanda gefið út meðan á ráðstefnunni stóð. Nú er líka farið að nota samfélagsmiðla, svo sem blogg og twitter til að koma ýmsum upplýsingum og tilkynningum til ráðstefnugesta, sjá vef *IFLA Express* <http://express.ifla.org/express/past/2011>.

Næstu ráðstefnur

Næsta ráðstefna IFLA, sú 78. í röðinni, verður haldin í Helsinki í Finnlandi dagana 11. til 17. ágúst 2012. Yfirskriftin er *Libraries now! ...inspiring ...surprising ...empowering*. Á vef IFLA www.ifla.org undir *Annual Conference* er að finna upplýsingar um ráðstefnuna. Búið er að skipuleggja 21 fagráðstefnu (e. satellite meetings) sem haldnar verða í tengslum við ráðstefnuna. Benda má á að fyrirlestra fyrri ársþinga er að finna á vef IFLA í a.m.k. fimm ár.

Ráðstefnugjald fyrir félagi Upplýsingar er €435 með skráningu til og með 15. maí 2012, eftir 15. maí €520. Fyrir aðra er gjaldið €585, eftir 15. maí €695. Verð fyrir „fylgifiska“ ráðstefnugesta er €285 og €410 eftir 15. maí. Boðið er upp á sérstaka dagskrá fyrir þá auk þess sem þeir geta tekið þátt í þeim móttökum sem boðið er upp á. Kynnisferðir eru í boði bæði á undan og á eftir ráðstefnuna. Ráðstefnan 2013 verður í Singapore dagana 17. til 23. ágúst. Vafalaust verða margir spenntir fyrir að sækja þá ráðstefnu.

Sækja má um ýmsa styrki fyrir IFLA ráðstefnur, svo sem í starfsmenntunarsjóði stéttarféлага og starfsmannafélaga að ógleymdum Ferðasjóði Upplýsingar. Einnig er sjálfsagt að freista þess að sækja um styrk til vinnuveitanda.

Undirrituð naut til fararinnar reglubundins styrks úr Starfsmenntunarsjóði BHM og úr ferðasjóði Upplýsingar og þakkar hún kærlega fyrir sig. Það sem á vantaði greiddi undirrituð.

*Pórdís T. Þórarinsdóttir
júní 2012*



Certificate of Appreciation

presented to

Thordis T. Thorarinsdottir

In grateful appreciation and thanks for services as a Member of

the Standing Committee of

the IFLA Classification and Indexing Section

2003 - 2007 and 2007 - 2011

San Juan, August 2011

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jennefer Nicholson'.

Jennefer Nicholson
IFLA Secretary General

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Judith J. Field'.

Judith J. Field
Chair, Division III - Library Services